

Ed.

476. Breytingartillögur

við frumvarp til girðingalaga (þingskj. 353).

Frá nefndinni.

1. við 3. gr. Síðari málsliður greinarinnar orðist svo:

Ef ekki er fje fyrir hendi til að fullnægja öllum þeim, er um lán hafa beðið, skulu þeir, er eigi komast að í það sinn, hafa forgangsrjett næsta ár að öðru jöfnu.

2. við 4. gr. Fyrir 6% í vexti af því komi:

Þriðjungi hærrí vexti af því en upphaflega var ákveðið, og reiknast þessir viðbótarvextir frá útborgunardegi lánsins.

3. við 7. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er til ætlast, að hún byggist aftur, og verða eigi lengur not að girðingunni, losnar þá jarðeigandi við þá skyldu og svo síðan sem í frumvarpinu.

4. við 8. gr. Á eftir orðunum »fleiri jarða saman« í fyrstu línu, komi:
eða tún eða engjar jarðar liggja að beitilandi annara.

5. við 9. gr. Síðari málsgreinin orðist svo:

Nú ræður landamerkjum krókóttur vatnsfarvegur, eða merki liggja í smákrókum af öðrum ástæðum, en maður vill girða beint, og vill sá eigi samþykkja er land á á móti, þá skal það þó heimilt, ef úttektarmenn meta, að eigi sjeu gildar ástæður til að banna girðinguna; skulu þeir þá ákveða girðingunni stað, og skal það gert þannig, að sem jafnast sneiðist bæði löndin. Nú fer þó svo að meira sneiðist annað landið, og skulu þá úttektarmenn meta skaðabætur þeim er landið missir. Rjettur til annara afnota en engja og beitar helst þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðing skifti löndum til fullnustu.

6. Í stað 11. og 12. greinar komi ný grein sem verður 11. gr., svohljóðandi:

Eigi má gera girðingu yfir hreppsveg, sýsluveg, þjóðveg, flutningabraut eða fjallveg, nema hlið sje á fyrir veginum, en þá skal það vera heimilt; leita þarf þó samþykkis sýslunefndar ef um flutningabraut er að ræða. Nú er girðing sett yfir veg með hliði fyrir veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minsta kosti 2 metra og 50 sentimetra breið, og svo gerð að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki. Fari maður um hlið á girðingu, er hann skyldur að loka því á eftir sjer. Brot móti þessu varða sektum og skaðabótum.

Nú liggur yfir land forn fjallvegur, afrjettarvegur, eða bæjavegur, og telst eigi til neins vegaflokks, gildir þá hið sama um þá, vegi og vegi þá er áður eru taldir.

Eigi má landeigandi læsa hliði nje með öðru móti hindra umferð um slíkan veg nema hreppsnefnd leyfi.

Sama gildir og um sleðabrautir og aðrar vetrarleiðir sem nauðsynlegar

eru til almenningsnota. Þar sem svo stendur á, má landeigandi kjósa um að taka upp girðinguna að vetrinum þar sem hún liggur yfir leiðina, eða búa svo um hlið, að auðvelt sje að opna, þó að snjór leggist að. Skylt er við slík hlið að hafa hlaðna kampa, vörðu eða háan stólpa, með ánegldu spjaldi, svo glöggvar sjáist hliðið á lengdar. Nánari ákvæði um þetta setur sýslunefnd, ef leiðin liggur um fleiri hreppa en einn, en hreppsnefnd, ef um innanhreppsveg er að ræða.

7. Á undan 13. gr. komi ný grein sem verður 12 gr., svohljóðandi:

Stórgripagirðingar með 1 eða 2 gaddavírsstrengjum skulu ávalt þannig gerðar, að vírinn sje hvergi minna en 75 sentimetra frá jörð. Vírinn skal strengja vandlega. Nú er girðing illa strengd eða í vanhírðu, svo fjenaður festist í henni eða hlýtur meiðsl af þeim sökum, skal þá eigandi girðingarinnar sæta sektum, og greiða auk þess skaðabætur þeim er fjenaður meiddist fyrir.

8. við 14. gr. fyrir »12« komi: 13.

9. við 15. gr. fyrir »13« komi: 14.

10. við 16. gr. Fyrir »sveitarstjórn« í fyrstu og 3. línu komi: hreppsnefnd.
Fyrir tölurnar »12, 13, 14« komi: 13, 14, 15.

11. við 20. gr. Greinin orðist svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um túngirðingar nr. 64, 19. des. 1903, lög nr. 22, 20. okt. 1905, um gaddavírsgirðingar, lög nr. 52, 30. júlí 1909 um girðingar, svo og þau ákvæði í 44. og 45. gr. vegalaganna frá 22. nóv. 1907 og önnur lagaákvæði er koma í bága við lög þessi.